1861. staðabrauðs, sem nú er sameinað, en þèr, herra stiptamtmaður,
31. október. og þèr, háæruverðugi herra, afsalið af hálfu hins fyrrveranda Flugumýrar og Hofstaðabrauðs, til ríkissjóðsins eignarrètt yfir Hjaltastöðum með hjáleigum þeirrar jarðar, þeim er áður eru nefndar; hefir Havstein amtmanni í dag verið ritað um það, er með þarf um þetta mál, og skal nú skorað á yður, að þèr hlutist til um það sem nauðsyn er á frá yðar hálfu í þessu efni, og eigið þèr að senda amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu afsalsbrèf það, er þèr tilbúið, eptir því sem nú hefir sagt verið, til þess að hann geti látið þinglesa það, m. m.

---

31. október. **76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum m. m.**

Stjórnarráðinu hefir verið skýrt frá, að nú sè búið að leggja Flugumýrar og Hofstaða sóknir í Skagafjarðar sýslu: hina fyrnefndu til Miklabæjar brauðs og hina síðar nefndu til Hóla og Viðvíkur brauðs í sömu sýslu, svo sem ákveðið var í konungs úrskurði 25. septemberm. 1854. Eptir því sem fyrir er mælt í konungs úrskurði þessum, ber því nú að afsala Hóla- Viðvíkur- og Hofstaðabrauði, sem þannig hefir verið sameinað, þjóðjörðina Viðvík til eignar fyrir bújörð handa hlutaðeigandi presti, en í stað þess eignist ríkissjóðurinn Hjaltastaði, er fyrrum var lènsjörð prests.

Í þessu efni skal þess nú getið, að stiptsyfirvöldunum á Íslandi í dag hefir verið boðið að afsala ríkissjóðnum af hálfu fyrrveranda Flugumýrar- og Hofstaða brauðs eignarrètt yfir jörðinni Hjaltastöðum með hjáleigum þeirrar jarðar, Hjaltastaðakoti og Hjaltastaðahvammi, og að senda yður síðan afsalsbrèf þau, er þau eptir þessu eiga að útgefa; en dómsmálastjórnin skorar hèr með á yður, herra amtmaður, að þèr fyrir hönd stjórnarinnar afsalið Hóla- Viðvíkur og Hofstaða brauði, sem nú er orðið eitt brauð, eignarrèttinn yfir jörðinni Viðvík, svo að sú jörð verði höfð fyrir ábúðarjörð handa sóknarprestinum í því brauði,

allt þetta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í konungsúrskurði 1861.
25. septemberm. 1854; þar að auki eruð þér beðnir að annast 31. október.
um, að eigna afsalanir þessar verði þinglesnar á réttan hátt, og að jörðin Hjaltastaðir með hjáleigum hennar verði lögð undir umboð Reynistaðar klausturs jarða.

Þegar búið er að koma á jarðaskiptum þessum, eruð þér beðnir að senda hingað skýrslu um það.

---

77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hlutdeild Íslendinga í gripasýning í Lundúnaborg. 31. október.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, fengið álit landfógetans á Íslandi, dómkirkjuprestsins í Reykjavík, og Jóns Guðmundssonar, setts málaflutningsmanns við yfirdóminn, um það, hvort Ísland muni geta átt hlutdeild í gripasýning þeirri, sem áformað er að haldin verði í Lundúnaborg næstkomandi ár; og hafið þér í brèfi 30. f. m. getið þess, að ef nokkuð eigi að geta orðið af þessu, þá sè óumflýjanlegt, að í því skyni sè veittur styrkur af hálfu hins opinbera, og beðið um, að dómsmálastjórnin láti yður vita, hvort búast megi við, að slíkur styrkur verði veittur, og hve mikill hann þá verði; hafið þér og lýst yfir því áliti yðar, að ekki muni vera þörf á að verja í þessu skyni eins miklu fè, og þeir menn, sem að ofan er getið, hafa stungið upp á, en það er frá 800 til 1000 ríkisdalir, er þér haldið að minna fè, t. a. m. helmingur af þessu, mundi nægja, með því þér kveðist hafa ástæðu til að halda, að einstöku menn muni á sinn kostnað láta af hendi þá hluti, sem þeir vilja að komi fram á gripasýningunni, en aptur sèu aðrir hlutir, sem kaupa verði af eigendunum, og að til þess ætti að verja þeim hinum opinbera styrk, er veittur kynni að verða.

Um leið og dómsmálastjórnin leiðir athygli yðar að því, hvernig áformað er að máli þessu verði hagað hèr í konungsríkinu, svo sem betur má sjá af meðfylgjandi athugasemdum við fjárlaga